

1870.  
12. oktbr.

**89. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk handa lækni í Barðastrandar- og Strandasýslu.**

Í bréfi 22. ágúst þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, skýrt frá, að kandídat í læknisfræði Ólafur Sigvaldason hafi sókt um, þá er búið var að birta honum bréf dómsmálastjórnarinnar 4. desbr. f. á.<sup>1</sup>, að styrkur mætti verða veittur úr hinum íslenska lækna sjóði, svo sem mælt er fyrir í konungsúrskurði 10. maí 1867, þegar hann sè seztur að og orðinn þjónandi læknir í Barðastrandar- og Strandasýslu í vesturumdæminu; hafið þér ennfremur getið þess, að sökum þess, að mikil þörf er á lækni í þessum sýslum, sem eru svo mjög afskekktar, þá hafið þér veitt honum styrkinn í von um samþykki stjórnarráðsins, með þeim skilmálum, sem mælt er fyrir í auglýsingu 31. maí 1867<sup>2</sup>, og þannig, að hann skuli vera skyldur til að setjast að á þeim stað í nefndu héraði, sem amtmáður í vesturumdæminu taki til; þér hafið ennfremur bætt því við, að fyrnefndur kandídat Ólafur Sigvaldason hafi skýrt frá, að hann sè seztur að sem þjónandi læknir í nefndum sýslum á Hríshóli í Reykhólasveit, og farið þess á leit, að stjórnarráðið samþykki ráðstafanir þær, sem þér hafið gjört í þessu efni.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hérmeð fellst á aðgjörðir yðar, sem áður er getið.

12. oktbr.

**90. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um lækniþjónustu í Barðastrandar- og Strandasýslu.**

Dómsmálastjórnin hefir í dag skrifað stiptsyfirvöldunum á Íslandi á þessa leið:

<sup>1</sup>) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 828.

<sup>2</sup>) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 432.



(Næsta bréf að framan).

1870.

12. oktbr.

Um leið og vèr birtum yður þetta, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar, skal því við bætt útaf bréfi yðar 12. ágúst þ. á., að stjórnarráðið fellst á, að þèr með samþykki hlutaðeiganda héraðslæknis hafið sett kandiðat í læknisfræði Ólaf Sigvaldason til að gegna embættisstörfum þeim, sem hvíla á héraðslækninum í allri Strandasýslu og þeim sex hreppum í Barðastrandarsýslu, sem hère eru taldir, sem eru: Geiradalshreppur, Reykhólasveit, Gufudalssveit, Múlahreppur, Flateyjarhreppur og Barðastrandarhreppur.

## 91. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um linun í jarðarafgjaldi.

13. oktbr.

Í bréfi 15. ágúst þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að jörðin Slýjar, sem er ein af jörðum Kirkjubæjar klausturs, eyðist meir og meir af sandfoki, eins og sjá má af skoðunargjörð, sem fylgir með bréfi yðar, og hafið þèr stungið uppá, að linun sú í landskulda greiðslu, sem veitt var þeim tveimur ábúendum á jörðunni með bréfi stjórnarráðsins 6. janúar 1868 um 3 ár til fardaga 1870, 40 álnir á ári, megi haldast við til fardaga 1873, þannig, að afgangið ennfremur verði lækkað um 10 álnir á ári, það er að segja: alls um 50 álnir, 25 álnir fyrir hvorn um sig, reiknað eins og hingað til, þannig að hver alin í hálfu afganginu verði metin á 8 sk., en hinn helmingurinn talinn eptir meðalverði allra meðalverða, eptir því sem í verðlagsskránni stendur.

Útaf þessu skal það hère með kunngjört yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið eptir atvikum fellst á uppástungu yðar.